

Fréttabréf

Félags íslenskra atvinnuflugmanna
apríl 2021

FÍA NEWSLETTER - ENGLISH VERSION ON PAGE 16



Formannspistill

Breytingar á reglum um þjálfun flugmanna

LHG og starfsaldurslistar

EFÍA og sérhæfðar fjárfestingar

ITS á Íslandi

Öryggismál - pistill Ingvars Tryggvasonar

Tímamótasamningur við Norlandair

Peer Support Programme

Bólusetning flugáhafna

COVID fárið

Jón Þór Þorvaldsson
formaður FÍA skrifar:

2020 og líklega 2021 verða fyrirferðarmikil á spjöldum sögunnar. Þessara ára verður minnst fyrst og fremst fyrir ósýnilegt fyrirbæri. Veiru, Sars-cov-2, í daglegu tali kallað COVID ekki þarf að upplýsa hér um uppruna og útbreiðslu faraldursins, sem var ógnarhraður.

Óhætt er að fullyrða að engan óraði fyrir því að ástandið mundi dragast á langinn eins nú er orðin raunin. Enda voru markmiðin í upphafi allt önnur en nú. „Að fletja út kúrvuna og verja heilbrigðiskerfið“ var markmið sem allir skildu. Veirulaust land, lokuð landamæri, atvinnuleysi og fjöldagjaldþrot skilur enginn hugsandi maður.

Fjárhagstjónið er óbæt看legt og tugþúsundir hafa misst viðurværið. Fátækt eykst í heiminum og árangri undanfarinna áratuga er fórn að. Íslendingar sem eiga afar mikið undir flugrekstri og ferðaþjónustu sem hefur orðið illa úti, því er atvinnuleysi nú með mesta móti. En hverju er fórn að og fyrir hvað? Hvað má þetta kosta?

Atvinnurekstur

Fyrirtækin í landinu berjast mörg hver í bökkum. Tekjufallið er þungbært og mikið rekstrartap og eignabruni er orðin staðreynd. Tekjufallið er tilkomið vegna stjórnsáðsákvæðanna en lítið heyrir frá atvinnulífinu. Svo virðist sem fáir þori að segja hug sinn nema í lokuðum herbergjum. Hver er ástæðan fyrir því?

Getur verið að þöggunar og „slaufunarmenningin“ sem tröllríður samfélaginu sé ástæðan? Ef einhver vogar sér að halda því fram að aðrar leiðir en lokun landamæra og frelsissvipting einkennalausra séu færar er umsvifalaust farið í manninn og spurt hvort hann vilji drepa gamalt fólk.

Er ekki kominn tími til að nálgast málið á vísindalegum og raunsæum forsendum? Hver þarf staðan að vera í samfélaginu til að við getum farið að lífa eðlilegu lífi? Þegar búið er að bólusetja viðkvæmustu hópa samfélagsins og þá sem teljast til framlinustarfsfólks? Engir eða afar fáir veikjast, hvað er þá verið að verja og á kostnað hvers? Hver þarf staðan að vera til að atvinnulífið fái að blómstra á ný? Eru stjórnvöld raunverulega ekki að leyta leiða til að komast yfir meira magn af bóluefni?

Vísindin

Allt frá upphafi faraldursins hefur því verið haldið á lofti að stjórnmálin hafi í einu og öllu fylgt því sem vísindin boða. Í fljótu bragði hljómar það vel og í upphafi var fullur skilningur hjá flestum á þessari nálgun. En einhversstaðar á leiðinni fóru vísindamennirnir að þagga niður í gagnrýnisröddum. Neituðu að ræða önnur sjónarmið en sín eigin og fóru að lýsa sínum pólitískum sjónarmiðum sem eru klárlega ekki vísindi. Meira að segja hefur verið gengið svo langt að atyrða dómstóla sem skáru upp úrskurð um ólögsmæti frelsisskerðinga í þágu pólitískrar stefnu. Engin gögn eða vísindalegar rannsóknir lágu til grundvallar þeirra aðgerða sem hér er vitnað til.

Forgangsroðun bólusetninga er eins og annað sem gert hefur verið að hluta til klúður. Hvernig stendur á því að fólk á líknardeild er bólusett á undan fólki sem klárlega er í framlínu samkvæmt skilgreiningu WHO, ICAO, IFALPA, IMO og fleiri til að nefna dæmi? Hversvegna er heilbrigðismenntað fólk sem ekki starfar þó sem slíkt, sett framar í forgang en áhafnir skipa og flugvéla? Dæmin eru fleiri því miður en vísindaleg rök hafa ekki fundist. Þrátt fyrir tilraunir FÍA og flugrekenda til að fá fund með sóttvarnalækni og fulltrúum heilbrigðisráðuneytis vikum saman hefur ekkert gengið í þá átt.

Það er ótrúlegt að hlusta á stjórnlinda embættismenn lýsa í viðtalsþáttum drepsótt sem herji nú á þjóðina. Í sömu andránni er þjóðinni hótad, „ef þið látið þetta ekki yfir ykkur ganga möglunarlaust mun ríkið skerða réttindi ykkar enn frekar“. En þetta er ekki drepsótt í þeim skilningi. Lífslíkur þeirra sem smitast eru mjög góðar. Afar fá smit finnast og enn færri veikjast og heilbrigðiskerfið er ekki að sligast. Markviss hræðsluáróður er grímulaut rekinn af stjórnvöldum og fjölmiðlum.

Hvernig stendur á því að enginn fæst til að ræða þessi PCR próf? Við lestur á gögnum CDC í Bandaríkjunum koma fram takmarkanir á áreiðanleika PCR prófanna. Prófið finnur ekki veiruna heldur erfðaeftni sem getur líka verið úr skildum veirum. En ef prófin eru svona nákvæm af hverju þarf þá 3 próf, og frelsisskerðingu á milli prófa hjá ósýktum og einkennalausum einstaklingum? Hvernig verður brugðist við næsta veirufaraldri sem er álíka bráðdrepani og skæð influensa? Eigum við von á að framvegis verði öll þjóðfélög í herkví þegar upp kemur veirufaraldur, hversu alvarlegur eða léttvægur sem hann kanna að vera.



Jón Þór Þorvaldsson,
formaður FÍA.

COVID fárið (frh.)

Efnahagsmálin

Rekstrarhalli ríkissjóðs stefnir í þann mesta sem við þekkjum. Reikningurinn verður sendur skattgreiðendum, komandi kynslóðum og fyrirtækjum. Hagsæld verður minni, atvinnustig lægra og framleiðni minni. Þess er von í kjölfar dýpstu efnahagskreppu sem við höfum upplifað sl. 100 ár.

Framundan eru skattahækkanir, skerðing á þjónustu hins opinbera og hækkandi verðbólga sem er fylgifiskur opinberrar skuldasöfnunar. Kaupmáttur fólks rýrnar og skuldir einstaklinga munu hækka og eignamyndun verður minni en ella. Þetta mun líka koma niður á þeim sem ekki hafa misst vinnuna.

Getur verið að hagfræðin geti útskýrt fyrir okkur hver raunveruleg áhrif þess að sitja með hendur í skauti verða þegar okkur Íslendingum, sem erum fullvalda þjóð, er í löfa lagið að breyta um stefnu og lágmarka áhrif núverandi kreppu.

Flugrekstur

Okkur er öllum ljóst að engin atvinnugrein hefur orðið jafn illa úti og flugrekstur. Lífslíkur flugrekstraraðila sem hafa borið uppi stóran hluta þjóðarframleiðslunnar fjarar hægt og rólega út. Það verða að teljast vonbrigði að heyra ekki meira í opinberri umræðu frá flugrekstraraðilum sem eiga allt sitt undir skynsemi og meðalhófi stjórnvalda.

Jákvæðu fréttirnar eru þó í þessu öllu að endurráðningar eru komnar af stað þó fáar séu. Við vonum að þær verði sem flestar á næstu vikum og að líf okkar verði komið í samt lag sem fyrst.

Það er ánægjulegt að sjá þau flugfélög sem með áræðni, sveigjanleika og framsækni hafa náð að halda sjó. Þar ber fremst að nefna Flugfélagið Atlanta. Nýlega var gert samkomulag milli FÍA og Ícelandair group um að AIC hafi heimild til fljúga innanlandsflug og milli Íslands og Grænlands og Íslands og Færeyja á flugnúmerum Ícelandair. Markmiðið með því samkomulagi er að stækka leiðarkerfi Ícelandair og samþætta markaðsstarf. Vonir standa til að samkomulagið geti rennt strykari stoðum undir flugrekstur beggja félaga og nú þegar merkja stjórnendur árangur af því samkomulagi.

Það hefur verið í nógu að snúast hér í höfuðstöðvum FÍA. Kjarasamningar hafa nú verið endurnýjaðir við flesta okkar viðsemjenda. Enn á þó eftir að endursemjja fyrir flugmenn Landhelgisgæslunnar, Mýflugs, flugskólanna og Ernis.

Bláfugl er svo sér kaflí í þessu öllu og eru tvö dómsmál rekin vegna þeirra fordæmalausis aðferða sem stjórnendur þess félags beita. Þinghald í félagsdómi verður þann 27. apríl nk. Við erum afar bjartsýn á niðurstöðu úr því dómsmáli.

Gosið í Geldingadölum hefur blásið lífi í útsýnisflug sem er kærkomin viðbót á tímum sem þessum. Víst má telja að með markaðssetningu muni gosið laða að ferðamenn erlendis frá þegar höftum léttir. Mikill áhugi er erlendis á Íslandi sem áfangastað í sumar samkvæmt því sem aðilar í ferðaþjónustu merkja. Einkum frá Bandaríkjunum og Bretlandi þar sem bólusetningar eru hvað lengst komnar.

Ég hef verið bjartsýnn á hraðann viðsnúning og ætla að leyfa mér að vera það áfram. Sagan segir okkur að þegar áföll hafa riðið yfir flugheiminn hafa þau komið harkalega niður á okkur hér á Íslandi en við höfum líka verið fljótari en aðrir að snúa seglum þegar vindar breytast og nýta byrinn til hraðrar sóknar.

Jón Þór Þorvaldsson
formaður FÍA

LHG og starfsaldurslistinn

Ingvar Tryggvason,
formaður öryggisnefndar skrifar:

Undarleg staða er skyndilega komin upp varðandi endurnýjun kjarasamnings flugmanna Landhelgisgæslunnar. Samninganefnd ríkisins hefur bitið í sig að **starfsaldurslisti flugmanna** standist ekki lög nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og því verði hann að vikja hjá flugmönnum LHG.

Þessi framgangi ríkisins veldur miklum vonbrigðum. Það er sjónarmið útaf fyrir sig að rekstur flugdeildar Landhelgisgæslunnar þurfi að falla að lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. **En við störfum eftir lögum um loftferðir** og í þeim er ekkert sem bannar þetta þrautreynda og rótgróna fyrirkomulag.

Heilbrigð öryggismenning er háð mörgum þáttum og er starfsaldurslistinn einn af burðarsúlunum. Hann skapar fyrirsjáanleika og sanngirni, en fyrirbyggir frændhygli (e. *nepotisma*) og spillingu. Ekki er vitað til þess að starfsaldurslistinn hafi verið LHG til trafala.

Það er sláandi að samninganefnd ríkisins ætli sér að skaða öryggismenningu LHG með þessari einstrengislegu afstöðu. Að ætla sér að heimfæra venjur sem varða starfsmannamál hjá opinberum stofnunum uppá starfrækslu fjölstjórnarloftfara er einu orði sagt fjarstæðukennt.

„Það er sláandi að samninganefnd ríkisins ætli sér að skaða öryggismenningu LHG með þessari einstrengislegu afstöðu.“

BREYTINGAR Á REGLUM UM ÞJÁLFUN FLUGMANNA

Kæru félagar

ICAO undirbýr breytingar á reglum um þjálfun flugmanna. Það regluverk sem við flugmenn fylgjum í störfum okkar er flókin samsuða alþjóðasamninga, alþjóðareglna, milliríkjasamninga og landsréttar einstakra ríkja. Frumuppsprettan ef svo má að orði komast er sáttmáli Alþjóðflugmálastofnunarinnar (ICAO) frá 1944 og viðbætur við hann. Þá var orðið ljóst að ríki heimsins yrðu að sameinast um helstu flugreglur. ICAO er hluti af stofnunum Sameinuðu Þjóðanna en hlutverk hennar er að stuðla að skipulagningu og þróun alþjóðflugmála með því að setja samræmdar reglur.

Helsta regluverk ICAO kemur fram í 19 viðaukum, svokölluðum Annexum við Chicago samninginn, sem geyma staðla og tilmæli stofnunarinnar (e. *Standards and recommended practices*).


Viðaukarnir eru í sífelldri endurskoðun en breytingaferlið er heillangt og viðamiklað. Núna er að fara af stað vinna sem varðar breytingar á reglum um þjálfun flugmanna í samræmi við

nýja tæki og þróun í þjálfunarmálum. Í þessu augnamiði var stofnaður sérstakur vinnuhópur sem kallast *Personnel Training and Licensing Panel* (PTLP).

Vinnuhópurinn er stór og skipaður fulltrúum ýmissa hagsmunaaðila en undirritaðri var boðið sæti í hópnum í gegnum Alþjóðasamtök flugmanna, IFALPA og þá sem rödd okkar hóps.


Það er vel passað upp á að allar skoðanir og uppástungur sem fulltrúar IFALPA leggja til séu í raun rödd flugmanna og því er ég með 10 manna vinnuhóp á bak við mig sem í sitja flugmenn víðs vegar að úr heiminum.

Þrátt fyrir mikla vinnu og vikulega fundi er virkilega spennandi að fá að skyggjast inn í heim ICAO. Frá því að við flugmenn mætum í fyrstu Air Law kennslustundina erum við meðvituð um hvað þessi stóra stofnun hefur mikil áhrif á vinnuumhverfi okkar.



Sara Hlín Sigurðardóttir, stjórnarmeðlimur í FÍA og formaður alþjóðanefndar FÍA

Það er því gaman að fá að fylgjast með ferlinu í tengslum við breytingar sem þessar og sjá hvað það er þungt í vöfum og hve mörgum formsatriðum þarf að huga að. Áætlað er að þessi vinna muni taka ár að lágmarki og mun FÍA að sjálfsögðu halda flugmönnum upplýstum um afraksturinn.



Undirrituð nýtti tækifærið til að skoða höfuðstöðvar ICAO í sinni fyrstu heimsókn til Montreal haustið 2005, þá á leið í verkefni til Kúbu. Í Montreal má einnig finna höfuðstöðvar IFALPA.

TÍMAMÓTASAMNINGUR FÍA VIÐ NORLANDAIR

Undirritun samnings í Flugsafninu. Frá vinstri: Jón Karl Ólafsson, Arnar Friðriksson, Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson, Davíð Smári Jóhannsson, Halla Kristjánsdóttir og Högni Bj. Ómarsson. Á myndina vantar Örnólf Jónsson.

Nýr samningur samþykktur einróma

Skrifað var undir nýjan kjarasamning Norlandair við FÍA í Flugsafninu á Akureyri, þriðjudaginn 16. mars. Í kjölfarið fór fram leynileg, rafræn atkvæðagreiðsla, sem lauk mánudaginn 22.mars, þar sem allir flugmenn Norlandair samþykktu nýja samninginn.

„Fyrir hönd samninganefndar FÍA óska ég flugmönnum Norlandair til hamingju með nýjan kjarasamning og fulltrúum félagsins þakka ég fyrir árangursríkt samstarf. Nýr kjarasamningur markar nýtt upphaf og ég vona að á grunni hans megi efla uppbyggingu Norlandair og markaðssókn félagsins,” sagði Högni Björn Ómarsson, formaður samninganefndar FÍA við Norlandair.

Ákvæði um styrk vegna fæðingarorlofs

Högni segir jafnframt að samningurinn endurspegli breytta tíma en í honum eru meðal annars ákvæði um styrk til að koma til móts við tekjutap í fæðingarorlofi, en meðalaldur flugmanna er slíkur að telja má líklegt að það komi vel að gagni. „Það verður þó aldrei til að bæta tekjutapið að fullu en við teljum það mjög jákvætt að ákvæðið sé núna þannig orðað í kjarasamningi að réttindin fylgi lögum - og gott betur.”

„Vonandi fáum við brátt fréttir af endurráðningum þeirra flugmanna sem þurftu að láta af störfum vegna samdráttar á síðasta ári. Litum björtum augum fram á veginn og dveljum ekki um of við allt það erfiði sem nú er að baki. Niðurstöðunni ber að fagna.”

FÍA óskar flugmönnum Norlandair til hamingju með nýja kjarasamninginn.

MYNDBAND UM DEILU VIÐ BLÁFUGL VEKUR ATHYGLI



Í vikunni var mál FÍA gegn Bluebird Nordic og SA flutt fyrir félagsdómi en óhætt er að segja að deilan hafi verið hörð.

Málið er nokkuð flókið en til að útskýra hlið sína á málinu og hvernig það tengist inn í sveiflur innan alþjóðlega flugheimsins ákvað FÍA að setja deiluna upp myndrænt, á íslensku og ensku, til deilingar á samfélagsmiðlum. Óhætt er að segja að myndbandið náði miklu flugi, bæði hérlandis og erlendis, og var því m.a. dreift af bæði ECA og IFALPA á samfélagsmiðlum þeirra, auk landssamtaka flugmanna um heim allan. Hægt er að horfa á myndbandið á [Youtube hér](#).

UM BÓLUSETNINGU FLUGÁHAFNA

Viðá um heim leggja yfirvöld áherslu á að bólusetja flugáhafnir sínar til að liðka fyrir bæði nauðsynlegum vöruflutningum og endurreisn ferðaþjónustunnar. Þegar bólusetningarferli flugáhafna víðsvegar um heiminn eru skoðuð bendir flest til þess að íslenskar áhafnir séu mjög aftarlega í ferlinu.

Tilmæli alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (WHO) eru að flugfólk sé í 3. forgangshópi (e. 3. phase) þegar kemur að bólusetningum og hefur Flugöryggisstofnun Evrópu (EASA) tekið undir það frá upphafi faraldursins. Þann 25. mars ítrekaði EASA svo tilmæli sín um að áhafnir yrðu bólusettar eins fljótt og hægt væri í samræmi við afhendingarferli bóluefnis. Á Íslandi eru flugáhafnir hins vegar í 10. forgangshópi – það er að segja í alls engum forgangi.*

Í sjálfu sér er það ekkert vandamál að við flugfólk séum ekki sett frammar í forgangshóp bólusetninga að því gefnu að við séum bara heima, dveljumst innanlands eins og flestir aðrir landsmenn. Sú er þó ekki raunin og við erum á ferð og flugi. Að sama skapi gæti tregðan við bólusetningu íslenskra áhafna haft verulega neikvæð áhrif á komandi ferðamannatíð.

** Áth hér hefur orðið breyting á frá því grein var skrifuð, sbr. pistil sem fylgir hér á eftir þessari grein!*

Erlend yfirvöld setja flugsamgöngur í forgang

Erlendis hafa stór flugfélög á borð við Emirates, Qatar Airways, Etihad og flugfélög undir SIA samsteypunni í Singapore bólusett flest allt sitt flugfólk og hafið markaðsókn með þá staðreynd að vopni. Þetta gera flugfélögin í náinni samvinnu við sín stjórnvöld og eru þessar aðgerðir dæmi um það sem er að gerast í flugheiminum.

Auðvitað munu farþegar í náinni framtíð skoða þessi atriði eins og önnur þegar velja á flugfélag til að ferðast með. Þessi flugfélög eru, og hafa verið, bæði beint og óbeint í samkeppni við Ícelandair um farþega yfir Atlantshafið. Önnur stór félög, evrópsk og bandarísk, munu keppast við að gera slíkt hið sama til að laða til sín farþega.

Í Bandaríkjunum er forgangsroðun flugáhafna misjöfn eftir ríkjum en samkvæmt fyrirbyggjandi lista eru flugfreyjur og -þjónar yfirleitt í hóp 1a, 1b eða 1c. Örfá ríki innan USA setja flugfólk í annan hóp og enn færri í þann þriðja. Þá hafa bandarísk flugmálayfirvöld (FAA) sett aukinn þrýsting á yfirvöld um að flyta bólusetningum flugmanna, og virðast þær, eftir forsetaskiptin hafa tekið talsvert stökk.

Minna má á að bandarískt flugfélag hefur lagt fram allþetta flugáætlun til Íslands í sumar. Bresk flugfélög hugsa sér örugglega líka gott til glóðarinnar í Geldingadöllum um leið og tækifæri gefst.

Við megum ekki láta það gerast að íslensk flugfélög verði ekki samkeppnishæf, þegar síst skyldi í þessum málum.

Hætta á smiti áhafna erlendis

Ícelandair og ýmsir aðrir aðilar hafa ítrekað óskað eftir að áhafnir færist frammar í forgangsroðun fyrir bólusetningar, en án árangurs. Því miður virðast fjölmiðlar túlka óskina sem dæmi um n.k. forréttindafrekju flugfólks og flugfélags þrátt fyrir að hagur heildarinnar, ferðaþjónustunnar og

flugfélagsins liggja augljóslega undir.


Þess má geta til samanburðar að starfsfólk Leifsstöðvar, sem er í sýnilegri nánd við ferðafólk, var sett í forgangshóp 4 sem er vel. Það eru t.d. tollafgreiðslufólk, landamæra starfsmenn og ræstingarmenn sem fara ekki úr landi en sjá ferðamenn í seilingarfjarlægð, oft jafnvel í gegnum gler. Sá hópur hefur að mestu verið bólusettur.

Til að liðka um fyrir flugþjónustu var sniðin sér undan-tekningarregla fyrir flugfólk sem er þannig að sé farið í vinnuna erlendis og heim aftur, þurfi ekki neinar ráðstafanir eftir heimkomu, ef fjarvera frá Íslandi er innan við 72 klst. Svo merkilegt sem það er, þá er þetta túlkað sem vinnusóttkví. Sé fjarvera lengri þarf áhafnarmeðlimur að fara í hefðbundið sóttkvíarferli eins og aðrir. Út af fyrir sig er þetta gott framlag til ferðaþjónustunnar sem ber að þakka, það væri mjög kostnaðarsamt og snúið fyrir flugfélagið ef áhafnir enduðu alltaf í sóttkví eftir hverja vinnuferð.

Frá upphafi faraldurs hefur Ícelandair lagt ríka áherslu á faglega fræðslu til starfsfólks, að gætt sé að sóttvörnum og að farið sé að yftruð reglum til að forðast smit. Það breytir þó ekki þeirri staðreynd að hætta á smiti er talsverð erlendis þrátt fyrir að farið sé eftir yftruð reglum til að forðast smit. Innviðir erlendra hótela, áhafnarútur, flugvellir, veitingastaðir sem senda á hótél o.s.frv. og starfsfólk allra þessara staða geta verið smitberar. Snertifletir eru margir og vonlaust er að tryggja tilskylda fjarlægð milli einstaklinga.

Erlend flugfélög með framsýn yfirvöld fá verulegt forskot

Samkvæmt upplýsingavef stjórnvalda er spáð að hópur 10, sem inniheldur í raun alla sem ekki eru í forgangshópum, verði bólusettur frá ca. 7. júní til loka júlí. Spár hafa ekki staðist vel hingað til og áætlanir enn síður. Virkni síðustu bólusetninga íslenskra flugáhafna mun því líklega ekki verða



Baldur Vilhjálmsson,
flugstjóri.

„Við megum ekki láta það gerast að íslensk flugfélög verði ekki samkeppnishæf, þegar síst skyldi í þessum málum.“

UM BÓLUSETNINGU FLUGÁHAFNA (FRH.)

að fullu náð fyrr en í fyrsta lagi seint í haust eða næsta vetur. Ekki er ólíklegt að sú staða komi upp að þegar erlend yfirvöld áætla að meirihluti flugfólks flugfélaga í hverju landi fyrir sig hafi verið bólusettur, verði starfandi áhafnarmeðlimum erlendra ríkja, sem ekki hafa verið bólusettir að fullu, meinað að koma til viðkomandi landa. Sú staða gæti því skyndilega leitt til þess að Íslendair yrði sem málbundið við staur vegna áhafnaskorts. Meginþorri Íslendair áhafna væri enn óbólusettur og það flug sem þó er flogið héðan til London, Boston og annarra áfangastaða Íslendair myndi tímabundið raskast verulega.

Á meðan myndu erlend flugfélög í samvinnu við með framsýn yfirvöld fljúga héðan og þaðan, þ.m.t. á okkar helstu markaði milli Evrópu og USA. Það væri líka vart á vandræðin bætandi hér hjá okkar litla flugfélagi, með spriklandi ferðamannagöng í bakgarðinum, að erlend flugfélög hirtu í þokkabót rjómann af upphafi nýrrar ferðamannatíðar á Íslandi vegna skammsýni í bólusetningum á íslensku flugfólki.

Lottó spilað með flugáhafnir

Að minnsta kosti þrisvar á undanförunum mánuðum hefur hurð skolið nærri hælum þegar mér hefur verið tilkynnt að smit hafi fundist hjá farþegum í flugi hjá mér. Þó hef ég

aðeins flogið brot af farþegaflugi Íslendair undanfarna 10-12 mánuði, þannig að tilfellið eru vafalaust fleiri. Að mati sóttvarnarlæknis hefur sóttkví fyrir áhöfn í mínum tilfellum ekki talist nauðsynleg, en þó hefur verið mælt til þess að hegðun okkar eftir flugið væri sem næst í líkingu við sóttkví og að við fylgdumst vel með heilsunni.

Hvað þýða þessi tilmæli? Í mínum huga þýða þau bara að verið er að spila lottó með flugáhafnir og landamærasmit sem flugfólk gæti auðveldlega borið til landsins.

Það væri svo miklu einfaldara að bólusetja áhafnir, losna að mestu leyti við líkur á að áhafnir beri smit inn í landið, gera Íslendair samkeppnishæfara, og losna við að lenda í því sjónarspili sem ég reifaði hér ofar um hugsanleg bönn vinnuferða óbólusetttra áhafnarmeðlima. Það gæti allt eins ræst eins og margt annað skrítið sem tengist Covid, sem hefur ræst undanfarna mánuði.

Eftir stendur svo líka spurningin af hverju ekki er farið að tilmælum WHO og EASA héraðs um bólusetningu flugfólks gegn Covid.

UPPFÆRT

MEIRA AF BÓLUSETNINGUM!

Gaman er að segja frá því að frá því að ég ritaði þessa grein, sem birtist fyrst á Visir.is þann 14. apríl sl., liðu innan við tvær vikur þar til breyting varð á forgangi á bólusetningum áhafna úr 10. hópi í hóp 8.

Má reikna með að ýmsir þættir hafi ráðið þar för, svo sem að þörf umræða og aukinn þrýstingur frá fleiri aðilum sem þegar unnu ötullega að þessu, hafi haft þar mikil áhrif.

Sjálfur fylgdi ég birtri grein eftir og sendi stutta, hnitmiðaða greinargerð til nokkura aðila innan stjórnkerfisins sem sýndu málefni áhuga og lögðu sitt af mörkum til þess að leggja okkur lið. Vona ég að þannig náist að fullbólusettja áhafnir fyrr en ella.

Því ber að fagna, enda um stórt hagsmunamál að ræða auk þess sem yfirvöldum ber að fylgja tilmælum alþjóðlegra stofnana eins og WHO, ICAO og EASA.

Að því sögðu minni ég á hve mikilvægt það er að við hikum ekki við að láta heyra í okkur, að við nýtum okkur þann stuðning sem FÍÁ getur veitt okkur og sýnum líka FÍÁ þann stuðning sem við getum veitt að sama skapi.

„Að því sögðu minni ég á hve mikilvægt það er að við hikum ekki við að láta heyra í okkur, að við nýtum okkur þann stuðning sem FÍÁ getur veitt okkur og sýnum líka FÍÁ þann stuðning sem við getum veitt að sama skapi.“

Stjórn FÍÁ þakkar Baldri kærlega fyrir vasklega framgöngu í þessu máli!

Baldur Vilhjálmsson, flugstjóri

Baldur Vilhjálmsson, flugstjóri.

ÖRYGGISMÁL

Ingvar Tryggvason,
formaður öryggisnefndar skrifar:



Bluebird og Sanngirnismenningin

ÖFÍA viðheldur allajafnan ströngum hliðaraðskilnaði gagnvart kjaramálum. Þó skapaðist tilefni til afskifta í febrúar er sá sem þetta skrifar fékk að sjá verktakasamning sem flugmenn Bláfugls starfa eftir.

Óhætt er að segja að liðsmönnum ÖFÍA hafi verið ofboðið er fjallað var um samninginn á nefndarfundi.

Í verktakasamningnum er [sektarákvæði](#) verði verði starfsmaðurinn uppvís að því að brjóta gegn ákvæðum ráðningarsamnings í mjög

viðtækum skilningi. Flugmanni er meðal annars óheimilt að veita þriðja aðila nokkrar einustu upplýsingar, án þess að það sé afmarkað nánar, beint eða óbeint, um starfsmannaleiguna, flugfélagið eða aðra samstarfsaðila, með hvaða hætti sem er.

Sanngirnismenning (e. Just Culture) hefur verið innleidd í lög um loftferðir og fáum við ekki með nokkru móti séð að ákvæði um fésekt í ráðningarsamningi falli að þeirri hugmyndafræði.

Þar sem Samgöngustofa vísaði frá fyrirspurn ÖFÍA á þeim forsendum að ráðningar-samningar væru stofnuninni óviðkomandi, var fyrirspurn send EASA í Köln og ECA sömuleiðis sett inni málið. Niðurstöðu er beðið.

Single Pilot Operation

Það vakti athygli í janúarmánuði þegar Patrick Ky forstjóri EASA steig fram með yfirlýsingar um að stofnunin væri viljug til að slaka á regluverki um starfrækslu í einstjórnarumhverfi (e. single pilot) í atvinnuflugi. Hann tók sérstaklega fram að þetta gæti mögulega gerst fljótt á þeim skeiðum flugferðar þegar ekki væri þörf á tveimur flugmönnum í stjórnklefanum. Ekki fylgdi sögunni á hvaða skeiðum flugferðar væri ekki þörf á tveimur flugmönnum.

Við höfum séð árangur AIRBUS í tilraunum sínum með sjálfvirk flugtök. Sjálfvirkni og gagnaflytningar verða sífellt áræðanlegri og fullkomnari en tilhugsunin um flugvélar sem eru

að einhverju eða öllu leiti fjarstýrðar er eitthvað sem nálgast þarf með mikilli varúð.

Við höfum á síðustu árum séð nokkur atvik þar sem alvarlegar hreyfibilanir ýttu tveggja manna áhöfnum út að ystu þölmörkum ýmist rétt eftir flugtak eða í farflugi. Geimför eru send til plánetunnar Mars með alsjálfvirkum hætti, en þau bera ekki 350 farþega af holdi og blóði.

Hér er auðvitað um vegferð að ræða þar sem markmiðið er að lækka rekstrarkostnað. Hvaða flugfélag myndi ekki vilja komast af með helmingi færri flugmenn í vinnu?

Ástæða er að vekja athygli á [grein sem franska flugmannafélagið SEPLA](#) birti nýverið.

„We believe that this could be implemented quite soon, typically for phases of the flight when you don't necessarily need two pilots in the cockpit“
- Patrick Ky

737-MAX

Nú hefur flugbanni á Boeing 737-MAX vélar verið aflétt. Liðsmenn ÖFÍA hafa fylgst með framvindu mála og kynnt sér þau gögn sem fram hafa komið.

Ljóst er að fjölmargir þættir spiluðu saman í þeim tveimur hörmulegu slysum sem urðu. Þar afjöpuðust brestir í öryggismenningu Boeing og kvilli í vélinni sjálfri, afmarkaður og einfaldur sem var einfalt úrlausnarefni.

Ástæða er til að mæla með [greinum Björns Fehrm](#) hjá Leeham News um málið.

Fá ef nokkur loftför hafa farið í gegnum viðlíka vottunarferli og engin ástæða er til að efast um öryggi þeirra. Að sama skapi mega þeir sem koma að smíði eða starfrækslu loftfara ekki gleyma því eitt andartak að þessi dásamlega tækni sem færir okkur slíkt frelsi og tækifæri er dauðans alvara.

ÖRYGGISMÁL (frh.)

Hvassahraun

Undanfarin ár hefur borgarstjórn Reykjavíkur tekist að stýra umræðu um nýjan innanlandsflugvöll út í hraun, nánar tiltekið Hvassahraun. Jarðvísindamaðurinn Ármann Höskuldsson komst þannig að orði um Reykjanesið að það væri eldbrunnið frá fjöru til fjalla.


Við þekkjum atburðarás síðustu missera, svokölluð „Rögnunefnd“ skilaði niðurstöðu um að vert væri að kanna möguleika þess að byggja nýjan innanlandsflugvöll í Hvassahrauni. Á blaðsíðu 54 í skýrslu nefndarinnar gefur að líta þennan texta þar sem stöðum var rennt undir framvinduna:

„Í skýrslu ÍSOR kemur fram að hraun sem myndu ógna flugvallarstæði í Hvassahraunslandi myndu koma upp í Krýsuvíkurkerfinu. Miklar líkur eru á að aldir líði áður en Krýsuvíkurkerfið rumskar næst. Búast má við að næsta gosskeið á Reykjanesskaga hefjist í Brennisteinsfjöllum. Það gæti orðið eftir um eina öld. Hraun þaðan er ekki líklegt til að ógna flugvallarstæðinu í Hvassahrauni.“

Okkur má vera ljóst að eldsumbrot við Fagradalsfjall (Krýsuvíkurkerfinu) hafa kollvarpað þessu mati. Jarðvísindamenn eru á einu máli um að nýtt eldgosatímabil á Reykjanesi sé hafið, en eldvirkni á Reykjanesi er lotubundin og getur staðið yfir í allt að 400 ár í senn.

Þorvaldur Þórðarson eldfjallasérfræðingur hefur fjallað um spá um eldgos við Keili sem myndi valda því að hraun flæddi norður, niður Hrútagjagengjuna í átt að Hafnarfirði og í áttina að fyrirhuguðu flugvallarstæði.

Ábyrg stjórnvöld sem reka raunsæja stefnu í flugmálum hljóta að endurskoða hugmyndir um að byggja nýjan flugvöll á þessu svæði.



Mynd: Toby Elliot / Unsplash

BIEG / Airsight

Þýska ráðgjafarfyrtækið Airsight skilaði skýrslu um Egilsstaðaflugvöll í febrúar og þær endurbætur sem ráðast þarf í. Ásgeir Rúnar Harðarson flugvallarstjóri á Egilsstöðum fór fyrir innlendum starfshópi sem aflaði upplýsinga og var Airsight innan handar.

Niðurstaðan felur í sér að leysa þarf þrjá flöskuhálsa, bæta flugumverðarþjónustu, stækka flughlaðið og hefja byggingu samsíða akbrautar.

Með því að ráðst í þessar nauðsynlegu framkvæmdir við flugvöllinn munu stjórnvöld fjárfesta í flugöryggi. ÖFÍA lítur á það sem ákjósanlegt og

raunhæft markmið að ná fram u.þ.b. 5 mínútna lengdaraðskilnaði á milli véla sem undirbúa aðflug að völlum.

Vinna við þær breytingar ætti að geta hafist strax þar sem öll þekking er fyrir hendi innan Ísavia og Samgöngustofu til þess að ljúka henni.

Núverandi verklag sem felur í sér 10 mínútna lengdaraðskilnað getur reynst mjög hamlandi sé skyggni á völlum takmarkað.

Í niðurstöðu Airsight er áréttað að akbraut samsíða allri flugbrautinni ásamt stærra flughlaði skuli vera markmið til framtíðar lítið.

Í tímariti sem Eurocontrol gaf út veturinn 2016 er mikilvægi akbrauta samsíða flugbrautum áréttað með orðunum: “[Avoid designs that lead to backtrack operations for aircraft prior to take-off or after landing. Taxiways that are parallel to the runway minimize the time aircraft \(and also vehicles\) stay on the runway, so are a key element for safety and efficiency](#)”

EFÍA ÁRANGUR SÉRHÆFÐRA FJÁRFESTINGA

Árlega er fjárfestingarstefna Eftirlaunastjóðs FÍA (EFÍA) endurskoðuð en við mótun hennar hefur verið lögð áhersla á áhættudreifingu. Almennt má halda því fram að blönduð og vel dreifð eignasöfn séu ókjósanlegur kostur fyrir lífeyrissparnað, slíkt veiti viðeigandi áhættudreifingu og skili góðri langtímaávöxtun.

Áhættudreifing felur meðal annars í sér að fjárfest er í ólíkum eignum og eignaflokkum, innanlands sem og erlendis með það að markmiði að draga úr sveiflum í ávöxtun safna í heild sinni. Í fjárfestingarstefnu þessa árs hjá sjóðnum er haldið áfram á sömu vegferð og hefur verið vörðuð undanfarin ár, hlutfall og fjölbreytni erlendra eigna hefur verið aukið en einnig er vægi innlendra óskráðra hlutabréfa aukið.

Hvað er átt við með sérhæfðari fjárfestingum?

Eftirlaunastjóður FÍA hefur um árábil fjárfest í sérhæfðum fjárfestingum. Hér er átt við fjárfestingar sem falla ekki undir hefðbundna fjárfestingarflokka til dæmis skuldabréf og hlutabréf. Sérhæfðar fjárfestingar fela gjarnan í sér lengri bindingu, eru óskráðar eða að jafnaði illseljanlegri en hefðbundnari fjárfestingar. Oft eru þær áhættusamar en fela oft á móti í sér væntingar um hærri lengri tíma ávöxtun. Dæmi um sérhæfðar fjárfestingar eru framtaks- og vísifjárfestingar*, fasteignafjárfestingar, fjárfestingar í innviðum og sérhæfðar skuldabréfafjárfestingar. Árangur þeirra er best metinn yfir lengra tímabil en ekki frá ári til árs líkt og með margar hefðbundnari fjárfestingar.

Gera má ráð fyrir, líkt og með aðra fjárfestingarkosti, að ekki gangi allar slíkar fjárfestingar vel en þegar upp er staðið er heildarávöxtun flokksins hinn endanlegi mælikvarði á það hvernig til tekst. Þegar skoðaðar eru þær innlendu sérhæfðu fjárfestingar sem EFÍA hefur tekið þátt í á sl. 12 árum er heildarfjárhæð sem lögð hefur í slík verkefni um 3 milljarðar króna og samtals ávinningur af þeirri fjárfestingu nam um sl. áramót um 615 milljónum króna.

*Framtaks- og vísifjárfestingar: Framtaksfjárfestingar eru yfirleitt fjárfestingar í hlutabréfum fyrirtækja sem ekki eru skráð á markað en eru þegar í rekstri. Vísifjárfestingar eru almennt fjárfestingar þar sem fjárfest er í fyrirtækjum á fyrri stigum í líftíma þeirra en fyrir liggur þörf á frekari þróun á vöru og vexti.

Erlendar sérhæfðar fjárfestingar

EFÍA hefur markvisst aukið vægi erlendra eigna eftir að gjaldeyrishöft voru afnumin árið 2017. Hluti erlendra fjárfestinga eru erlendar sérhæfðar fjárfestingar en sett hefur verið markmið um að auka vægi þeirra í varfærunum skrefum á komandi árum. Á síðasta ári var fjárfest í þremur erlendum sérhæfðum fjárfestingum:

- **DNB Private Equity VII:** Sjóðurinn fjárfestir í öðrum framtakssjóðum sem aftur fjárfesta í óskráðum hlutabréfum og gefur því góða áhættudreifingu. Áherslur sjóðsins eru á framhaldssjóði sem áður hafa sýnt góða frammistöðu og stöðugleika. Fjárfest er á grónum markaðssvæðum í Vestur-Evrópu og Bandaríkjunum og mikil áhersla er lögð á umhverfismál, félagslega þætti og góða stjórnarhætti.
- **Obligo Global Infrastruktur II:** Obligo Global Infrastruktur II er innviðasjóðasjóður, þ.e. sjóður sem fjárfestir í öðrum sjóðum sem aftur fjárfesta beint í innviðafjárfestingum. Áhættudreifing er mikil og í fjárfestingarstefnunni er lögð áhersla á samval sjóða með ólíka áhættuþætti, raunverulega innviði og fjárfestingar í sjálfbærum verkefnum. Að minnsta kosti 85% af fjárfestingunum eru innan OECD ríkjanna og áhersla er lögð á sjálfbærni og ábyrgar fjárfestingar.
- **Wellington Global Property:** Wellington Global Property er fasteignasjóður og eru fjárfestingar hans dreifðar í undirgeirum fasteignamarkaðarins á heimsvísu. Sjóðurinn fjárfestir aðallega í hlutabréfum fyrirtækja sem þróa, reka eða leigja út fasteignir á þróuðum mörkuðum heimsins.

Innlendar sérhæfðar fjárfestingar


Gjaldeyrishöft sem voru sett á í kjölfar efnahagshrunsins 2008 höfðu veigamikil áhrif á fjárfestingarumhverfi og mögulegar fjárfestingar. Vegna þessa ákvað EFÍA að leggja aukna áherslu á sérhæfðar innlendar fjárfestingar og hefur árangur frá þeim tíma til dagsins í dag á heildina litið verið góður þó dæmi séu um að einhverjar fjárfestingar hafi farið verr en upphaflegar forsendur gerðu ráð fyrir.

Nokkuð hefur verið fjallað um fjárfestingu lífeyrissjóða í kísilverinu PCC á Bakka við Húsavík en EFÍA hefur gert varúðarniðurfærslu í nokkrum skrefum um alls 79% frá upphaflegri fjárfestingu. Framleiðsluferlið hefur því miður ekki komist í nægilega gott horf en að auki spila inn í erfiðar aðstæður á hrávörumörkuðum og mikil óvissa til skemmri tíma sem hefur litað starfsemina.

Við mótun fjárfestingarstefnu fyrir árið 2021 var meðal annars horft til áhrifa sem efnahagslegur samdráttur í kjölfar kórónuveiru-faraldursins hefði að öllum líkindum í för með sér en líklegt þótti að vænleg fjárfestingartækifæri myndu lita dagsins ljós við endurreisn íslensks efnahagslífs. Vegna þessa var ákveðið að leggja m.a. áherslu á fjárfestingu í framtakssjóðum eða sjóðum sem fjárfesta á innlenda óskráða markaðnum og að auki er einnig horft til fjárfestingu í nýsköpun.

Mikil reynsla og þekking hefur byggst upp innan nýsköpunar og er mikill meðbyr hjá hinu opinbera og fjárfestum með slíkri starfsemi. EFÍA hefur horft til slíkra fjárfestinga í gegnum vísisjóði sem fjárfesta í fyrirtækjum í nýsköpun en nú þegar er fyrirhuguð skuldbinding til þátttöku í nokkrum slíkum sjóðum auk frekari skrefa á þeirri vegferð.

HAGNAÐUR/TAP Í MILLJÓNUM KRÓNA AF SÉRHÆFÐUM FJÁRFESTINGUM EFÍA



* Byggt á nýjustu upplýsingum frá forsvarsmönnum viðkomandi fjárfestinga og með fyrirvara um skekkjur í útreikningum.

* Heildarfjárhæð sem fjárfest var fyrir í ofangreindum fjárfestingum nam um 3 milljörðum króna.

Hér má sjá árangur einstakra innlendra sérhæfðra fjárfestinga Eftirlaunastofns FÍA sem er lokið eða langt á veg komnar og fjárfest hefur verið í frá 2008. Þegar fjárfest er í sérhæfðum fjárfestingum er mikilvægt að hafa í huga að fjárfestingarnar fela oftast í sér lengri tíma bindingu og það tekur hverja fjárfestingu um 7-10 ár að ljúka sínu ferli.

• **Jarðvarmi:** Árið 2011 fjárfesti EFÍA í HS Orku, sem er innviðafjárfesting í tengslum við sölu endurnýjanlegra orkugjafa. Árleg ávöxtun er um 6%.

• **SF V:** Árið 2014 fjárfesti EFÍA í félagi sem var stofnað utan um fjárfestingu í Festi, sem á sínum tíma voru meðal annars verslanirnar Krónan og Elko. Árleg ávöxtun var um 27%.

• **HSV Eignarhaldsfélag:** Árið 2015 fjárfesti EFÍA í HS Veitum, sem er innviðafjárfesting í tengslum við vatnsdreifikerfi. Árleg ávöxtun er um 25%.

• **Fasteignasjóðurinn SRE II:** Árið 2011 tók EFÍA þátt í fasteignasjóðnum SRE II á vegum sjóðastýringarfyrtækis Stefnis þar sem meðal annars var fjárfest í Ícelandair hótlinu á Akureyri, húsnæði Nýherja, Hótel Borg og Advania. Árleg ávöxtun var um 25%.

• **Framtaksfjárfestingarsjóðurinn HORN II:** Árið 2013 ákvað EFÍA að fjárfesta í framtaksfjárfestingasjóðnum Horn II á vegum sjóðastýringarfyrtækis Landsbréfa sem meðal annars fjárfesti í félögnum Hvatningu, stærsta eiganda Bláa Lónsins, Fáfní Off-shore og Kea hótélum. Árleg ávöxtun er um 25%.

• **Íslenski athafnasjóðurinn II:** Árið 2013 fjárfesti EFÍA í framhaldssjóð Íslenska athafnasjóðsins á vegum Stefnis, Íslenska athafnasjóðsins II. Hann fjárfesti meðal annars í Festi og Skeljungu. Árleg ávöxtun er um 13%.

• **Veðskuldabréfasjóðir:** Á árunum 2014-2017 hefur EFÍA fjárfest í veðskuldabréfasjóðnum Alda Credit Fund (I, II), Veðskuld (II, III) og Landsbréf Veðskuldabréfasjóð en um er að ræða fjárfestingu í innlendum veðskuldabréfum þar sem undirliggjandi eru meðal annars skuldabréf með veðum í fasteignum. Árleg ávöxtun veðskuldabréfasjóðanna er um 6%.

• **ST1 fagfjárfestisjóður:** Árið 2016 fjárfesti EFÍA í ST1 á vegum Stefnis. Árleg ávöxtun um 7%.

• **TFII:** Árið 2017 fjárfesti EFÍA í TFII, á vegum Íslenskra verðbréfa, sem hefur fjárfest í Hreinsitækni, Coripharma og Genis. Árleg ávöxtun um 15%.

• **Íslenski athafnasjóðurinn:** Árið 2011 ákvað EFÍA að taka þátt í Íslenska athafnasjóðnum á vegum Stefnis sem meðal annars fjárfesti í Högum og Sjóvá. Árleg ávöxtun um 18%.

• **Edda slhf:** Árið 2013 fjárfesti EFÍA í innlenda framtakssjóðnum Eddu hjá sjóðastýringarfyrtækinu Virðingu. Sjóðurinn fjárfesti meðal annars í Dominos, Securitas, Marorku og Íslandshótélum. Árleg ávöxtun er um 8%.

• **Ármúli lánasafn:** Árið 2015 fjárfesti EFÍA í fagfjárfestisjóði í rekstri Stefnis. Um var að ræða eignatryggt skuldabréf til fjármögnunar á skilgreindu lánasafni MP banka. Árleg ávöxtun um 7%.

• **Íslenski athafnasjóðurinn III:** Árið 2016 fjárfesti EFÍA í framhaldssjóði Íslenska athafnasjóðsins á vegum Stefnis sem meðal annars fjárfesti í Reykjavík EDITION, Terra, Hamri, Lyfju og Men&Mice. Árleg ávöxtun er um 5%.

• **AL 2 fagfjárfestisjóður:** Árið 2018 fjárfesti EFÍA í AL 2 á vegum Stefnis sem var fjárfesting í óskráðum skuldaviðurkenningum fyrirtækja í gegnum Kviku banka hf. Árleg ávöxtun var um 5%.

• **Blávarmi:** Árið 2019 fjárfesti EFÍA í Blávarma sem fjárfestir í Bláa lóninu. Árleg ávöxtun er um 2%.

• **Kjölfesta:** Árið 2012 fjárfesti EFÍA í framtakssjóðnum Kjölfestu sem var samstarf Virðingar og ALM ráðgjafar. Sjóðurinn fjárfesti meðal annars í Meniga, Odda, Senu, Íslands hótél. Árleg ávöxtun er um 1%.

• **Innviðir fjárfestingar:** Árið 2015 fjárfesti EFÍA í innviðasjóði sem fer með eignarhlut í HS Veitum. Árleg ávöxtun er um -3%.

• **Hvatning:** Árið 2019 fjárfesti EFÍA í sjóði á vegum Landsbréfa sem fer með eignarhlut í Bláa lóninu. Árleg ávöxtun var um -6%.

